



Hrunamannahreppur
Ellisif Malmo Bjarnadóttir
Akurgerði 6 Flúðum
845 Hrunamannahreppur

Garðabær, 22. janúar 2026

Málsnúmer: 202512-0019

IAS/AEP

Efni: Hrafnabjörg, frístundasvæði. Tillaga að deiliskipulagi.

Vísað er til erindis Hrunamannahrepps frá 11. desember 2025 þar sem óskað er umsagnar Náttúrufræðistofnunar um tillögu að deiliskipulagi fyrir Hrafnabjörg, frístundasvæði.

Landsvæðið sem um ræðir er um 20 ha að stærð. Landið er nokkuð mishæðótt með hryggjóttu klettaholti og hallar landið allt frá suðri til norðurs. Undirlendi norðan holtsins er framræst 10 ha spilda og helst hún óbreytt sem landbúnaðarland.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér tillöguna og kemur með eftirfarandi athugasemdir.

Skipulagssvæðið er utan friðlýstra svæða og svæða á náttúruminjaskrá en Náttúrufræðistofnun bendir á að Suðurlandsundirlendið frá Markarfljóti vestur að Hellisheiði hefur verið skilgreint sem mikilvægt fuglasvæði, m.a. vegna gífurlega hás þéttleika vaðfugla sem flestir teljast til svokallaðra ábyrgðartegunda Íslands. Er þá miðað við að um eða yfir 20% af Evrópustofni viðkomandi tegundar nýti Ísland til varps eða komi hér við á ferðum sínum. Suðurlandsundirlendi er einnig það dreifbýli sem er undir hvað mestu álagi á Íslandi og eru ýmsar hættur sem steðja að vaðfuglum á svæðinu, einkum landnotkun sem leiðir til þess að búsvæði þeirra skerðast en langflestar vaðfuglategundir eru háðar opnum, fremur snöggglendum búsvæðum. Skipulagssvæðið sem hér um ræðir er klapparholt með mólendi inni á milli og líklegt að þar sé að finna vaðfugla s.s. heiðlóu og spóa. Þessar tegundir eru flokkaðar sem válistategundir hér á landi og ber Ísland alþjóðlega ábyrgð á þessum stofnum. Forðast skal að raska búsvæðum þeirra eftir fremsta megni.

Á vistgerðakorti Náttúrufræðistofnunar kemur fram að votlendisvistgerðir með hátt verndargildi er á hluta skipulagssvæðisins en hafa ber í huga að vistgerðakortið var unnið með fjarkönnun í mælikvarðanum 1:25.000, sem greinir vistgerðir misvel. Því eru upplýsingar þess ekki óbrigðular og ekki æskilegt að reiða sig eingöngu á kortið til að greina nákvæma útbreiðslu vistgerða. Leggur stofnunin áherslu á að rask á vistgerðum með hátt verndargildi verði takmarkað eftir föngum og einkum ætti að forðast rask á votlendi.

Samkvæmt skráningum Náttúrufræðistofnunar hafa ekki fundist neinar friðlýstar plöntutegundir innan skipulagssvæðisins og þar eru hvorki jarðminjar né vistgerðir sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. laga um náttúruvernd (lög nr. 60/2013).



Virðingarfyllst,

Ingvar Atli Sigurðsson

Ingvar Atli Sigurðsson
jarðfræðingur